

Upplýsingar til viðskiptavina vatnsveitu Norðurorku á Svalbarðsströnd

Íbúafundur var haldinn í Valsárskóla s.l. miðvikudag 22. apríl þar sem farið var yfir nokkur söguleg atriði, stöðu mála og næstu skref. Þar kom fram að en er nauðsynlegt að sjóða allt neysluvatn og óvíst hvernær því ástandi lýkur.

Samantekt helstu upplýsinga

Helstu þættir í endurbótum og nýframkvæmdum í vatnsveitu Svalbarðsstrandar

Norðurorka keypti vatnsveitu Svalbarðsstrandarhrepps árið 2005 og hefur síðan þá unnið að ýmsum endurbótum á veitunni. Vatnsból í Garðsvík voru endurgerð árið 2010 (ból 1 og 2) og árið 2012 (ból 3 og 4). Ból 1 og 2 skemmdust í skriðuföllum árið 2013 en einmitt það vor komu síðast upp mengunartilvik. Í framhaldi af þessu var ákveðið að freista þess að ná meira vatni með því að bora holu undir 35° horni inn í berggrunninn. Þetta gekk vel og þessi hola sem er um 200 metra djúp er að gefa um 7 – 9 lítra á sekúndu. Ból nr. 1 og 2 voru tekin úr notkun og hefur vatnsveitan síðan þá nýtt borholuna og vatnsból nr. 3 og 4.

Búið er að farið í gagngerar endurbætur á vatnstanka veitunnar við Sunnuhlíð. Hann var háþrýstipveginn, ryðhreinsaður og kústaður að innan með sérstakri múrblöndu. Einnig voru allar lagnir og kranar við hann og í honum endurnýjaðir og gerðar breytingar á inntaki og úrtaki til að bæta mögulegt setfall sem og settur upp búnaður til þess að skola það út.

Þá er einnig að geta þess að haustið 2011 voru norður og suðurhluti vatnsveitunnar samtengdir í kjölfar samninga Vaðlaheiðarganga, Vegagerðarinnar og Norðurorku annars vegar og Norðurorku og Svalbarðsstrandarhrepps hins vegar. Það verk var tilkomið vegna þess að hætta var talin á því að til vatnspurrðar gæti komið í Halllandsbólum vegna gangagerðarinnar um Vaðlaheiði en þekkt er að vatnsból þorni upp eða vatn í þeim minnki verulega vegna vatnsleka við gangagerð.

Ástæður mengunar

Miklar vonir voru bundnar við að með endurbótum á vatnsbólum nr. 3 og 4 auk borunnar á holunni væri komist fyrir hættu á mengun í stórhlákum á vetrum og vorleysingum af völdum mengaðs yfirborðsvatns. Ljóst er að það er ekki að ganga eftir varðandi lindir nr. 3. og 4 og flest sem bendir til þess að mengunarskot séu af völdum þess að mengað yfirborðsvatn kemst í grunnvatnið sem fæðir þær.

Borholur og vatnsgæði

Sérfræðingar ÍSOR (Íslenskar orkurannsóknir) og Heilbrigðiseftirlitsins telja að litlar sem engar líkur séu á því að vatn úr borholunni sem boruð var árið 2013 geti mengast af yfirborðsvatni. Því er allt kapp lagt á það núna að staðsetja og bora nýja holu sumarið 2015 þannig að hægt sé að taka lindirnar úr notkun.

ÍSOR sem sér um rannsóknir fyrir Norðurorku vinnur nú að því að staðsetja nýja borholu. Þá er búið að ræða við Skútaberg ehf. sem sá um að bora fyrri holuna um að bora nýja holu í sumar.

Allar lindir teknar úr notkun

Eins og staðan er á núverandi borholu erum við að vona að hún dugi vatnsveitunni ein og sér og því var tekin ákvörðun um að taka lind nr. 4 úr notkun, en áður var búið að taka lind nr. 3 úr notkun. Hér hjálpar til að vatn hefur verið að aukast úr Halllands lindum og vatnsnotkun vegna vinnu við Vaðlaheiðargöng hefur heldur minnkað vestan megin. Fylgst verður vel með vatnsstöðunni í tanknum við Sunnuhlíð til að ekki verði vatnspurrð. Hafa þarf í huga að borholan getur verið að gefa mismikið auk þess sem einhverjar sveiflur geta verið í vatnsnotkun hjá íbúum og fyrirtækjum. Komi í ljós að vatnsnotkun eykst eða vatn í holunni minnki, munum við væntanlega óska eftir því að vatn verði sparað í þeirri von að borholan ein og sér dugi.

Með þessu er það von okkar að það takist að skola þessari óværu út úr stofnæðum og dreifikerfi vatnsveitunnar enda er það álit sérfræðinga að yfirgnæfandi líkur séu á því að vatn úr borholunni sé og muni verða hreint.

Lagfæringar á aðveituæð - stofnlögn

Eins og fram kom á íbúafundinum hefur sólarljósið óhindraðan aðgang að aðveituæðinni á nokkrum stöðum þar sem hún liggur frá vinnslusvæðinu við Garðsvík að vatnstanknum við Sunnuhlíð. Mögulegt er að þetta valda gróðurmyndun inn í lögninni sem aftur getur tafið útskolun á menguðu vatni. Með þetta í huga verður farið í að undirbúa lagfæringu á aðveituæðinni þar sem hún liggur yfir læki og skurði, þar sem hún er óvarinn af jarðvegi og þar sem hún hefur sigið fram og lyftst vegna framskriðs á jarðvegi.

Sýnataka

Sýnataka úr veitunni hefur verið augin og svæðið stækkað sem sýni eru tekin á. Samkvæmt upplýsingum Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra þurfa að koma fram þrjú sýni í röð sem sýna ómengað vatn áður en svonefndu suðuástandi er aflétt. Því er óvíst hvenær það getur orðið.

Tilkynningar og upplýsingar

Við stefnum á að setja út formlegar tilkynningar til íbúa vikulega og senda út um það smáskilaboð í gegnum farsíma til þeirra sem eru með skráð hjá okkur farsímanúmer. Þeir sem ekki eru með skráð farsímanúmer hjá okkur geta haft samband við þjónustuver Norðurorku í síma 460-1300 til að láta skrá það í gagnagrunn okkar.

Akureyri, 24. apríl 2015

Með kveðju, starfsfólk Norðurorku